

KÓPAVOGSBÆR

# Greinargerð með árshlutareikningi

1. janúar – 30 júní 2018

Fjármáladeild

2018

DIGRANESVEGI 1, 200 KÓPAVOGUR

## Frá fjármáladeild Kópavogsbæjar

### Bæjarráð

Greinargerð með árshlutareikningi Kópavogsbæjar pr. 30. júní 2018 er lögð fram til að draga fram helstu atriði sem vekja athygli við yfirferð uppgjörins. Tilgangurinn er að upplýsa bæjarráð um helstu niðurstöður uppgjörins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks.

Árshlutareikningurinn er eins og áður, óendurskoðaður og ókannaður en gerður í samræmi við lög og reglugerðir en þó þannig, að ekki eru samdar sérstakar skýringar aðrar en sú greinargerð sem hér er lögð fram. Uppgjörið er notað innanhúss til að kanna hvernig rekstrarkostnaður er að þróast og það myndar grunn að útkomuspá ársins 2018 sem áætlaður efnahagsreikningur ársins 2019 mun byggjast á.

Árshlutareikningurinn er unninn á hefðbundnu uppgjörformi fyrir samstæðu Kópavogsbæjar og rekstraryfirlit á áætlunarformi. Í uppgjörinu er notast við eignakerfi bæjarins pr. 1. janúar 2018 sem grunn fyrir afskriftir fjármuna og tölur úr fjárhagsáætlun ársins fyrir lífeyrisskuldbindingu hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK).

Rekstrarniðurstaða A-hluta samkvæmt þessu var jákvæð um 391 m.kr., en áætlun ársins, þar sem tekjum er dreift eftir greiðsluáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaða fyrra misseris yrði neikvæð um 162 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar A og B hluta, var jákvæð um 502 m.kr., en áætlun misserisins, dreifð eins og að framan greinir, gerir ráð rekstrarafgangi að fjárhæð 8 m.kr. Rétt er að nefna, að í sögulegu samhengi, þá falla til á fyrri helmingi árs um 47-49% af skatttekjum ársins en hins vegar stærri hluti útgjalda hjá ákveðnum sviðum. Gangi þetta eftir má ætla að tekjur á seinna misseri ársins gætu orðið um 700 m.kr. hærri en á fyrra misserinu.

Samkvæmt uppgjörinu hafa heildarskuldir samstæðu bæjarins hækkað nettó frá áramótum um kr. 700 milljónir, en á árinu var tekið hagstætt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 2 milljarðar. Var það lán notað til að gera upp samning um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú, lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga, en heildaruppgjörið við Brú var rúmlega 2,6 milljarðar. Einnig var gert upp óhagstætt lán sem tekið var stuttu eftir hrunið, en það og mismunur lífeyrisuppgjörins var greitt með handbæru fé.

Í eftirfarandi greinargerð verður farið nánar yfir einstakar rekstrareiningar eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til.

Ingólfur Arnarson  
Fjármála- og hagsýslustjóri

## 1. Samstæðan

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar, A og B hluta, var jákvæð um 502 m.kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 8 m.kr á þessum tímapunkti. Ástæða mismunarins er einkum að skatttekjur eru heldur hærri en reiknað var með, verðbólga er lægri en reiknað var með og að bókað er hlutfall söluhagnaðar vegna lóðaúthlutana og sölu á Fannborg 2-4-6, sem ekki var á áætlun.

Hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á tímabilinu var 1,3%, en áætlun ársins miðaði við 3,25% ársverðbólgu (þjóðhagspá var 2,7%). Ómögulegt er að segja til um hvernig verðbólgan muni þróast það sem eftir lifir árs, en samkvæmt þjóðhagspá í vor er áfram gert ráð fyrir að verðbólga ársins 2018 verði 2,7%.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði, afskriftir og lífeyrisskuldbindingar var jákvæð um 2.618 m.kr. Þetta þýðir að framlegðarhlutfall samstæðu þannig reiknað var um 17%, en í reglum frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framlegðarhlutfallið sé á bilinu 15-20%.

Heildareignir samstæðu voru 63.679 m.kr., þar af fastafjármunir 59.289 m.kr. og veltufjármunir 4.390 m.kr. Heildarskuldir með lífeyrisskuldbindingu voru 43.895 m.kr. og bókfært virði eigin fjár 19.718 m.kr. sem gerir 31% eiginfjárhlutfall. Veltufjárhlutfall (veltufé/skammtímaskuldir) er 0,58.

Veltufé frá rekstri samstæðu nam 1.652 m.kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins 2018 verði 3.979 m.kr. Handbært fé frá rekstri nam 1.682 m.kr.

Fjárfestingahreyfingar sýna að búið var að bóka framkvæmdir og fjárfestingar nettó fyrir 792 m.kr. á þessum tímapunkti. Einnig eru þarna breytingar á langtímakröfum en þær tengjast fyrst og fremst uppgjöri við Brú, lífeyrissjóð. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 51 m.kr., en þarna má nettó niðurgreiðslu langtímalána bæjarins.

Handbært fé samstæðunnar nettó nam 87 m.kr. í lok tímabils.

## 2. A-hluti

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggingarsjóðs MK og þjónustumiðstöðvar.

### 2.1 Aðalsjóður

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 274 m.kr. en dreifð áætlun gerði ráð fyrir 227 m.kr. niðurstöðu. Liðir á aðalsjóði eru ýmist yfir eða undir áætlun og verður farið yfir það nánar hér á eftir.

Nettó rekstrarkostnaður málaflokka var 12.473 m.kr. en dreifð áætlun ársins gerir ráð fyrir nær sömu tölu, eða 12.437 m.kr. Rekstur málaflokka sem hlutfall af skatttekjum er 95,97% í þessu uppgjöri. Hér á eftir er farið yfir helstu útgjaldaliði sviða.

#### 2.1.1 Velferðarsvið

Niðurstaða velferðarsviðs er 1.598 m.kr. halli, en samkvæmt áætlun var hann 1.581 m.kr. á fyrra misseri ársins. Munar hér 17,3 m.kr. eða 1,1%. Þeir liðir sem fara helst fram úr áætlun er vistun barna á stofnunum/heimilum, rekstur Dimmuhvarfs og Austurkórs, og sértæk heimilisþjónusta, en mikið álag hefur verið á þessum þjónustuþáttum. Hins vegar eru húsaleigubætur, frekari liðveisla og fleiri liðir nokkuð undir áætlun, sem vega á móti. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði hafa verið gerðir tiltölulega hagstæðir samningar vegna vistunarmála, en að álagið sé hreinlega að aukast. Einnig hefur rekstur Dimmuhvarfs og Austurkórs verið í sérstakri skoðun.

#### 2.1.2 Menntasvið

Nettó útgjöld fræðslusviðs eru 7.526 m.kr. en dreifð áætlun gerði ráð fyrir 7.380 m.kr. sem þýðir að frávik sviðsins er 145,2 m.kr. eða 1,97% frávik.

#### Leikskólar.

Rekstrarniðurstaða bæjarrekinna leikskóla ásamt skrifstofu leikskólafulltrúa var 57 m.kr. hærri en áætlun en áætlun gerði ráð fyrir, eða um 2,76%. Séu svo sjálfstætt starfandi leikskólar skoðaðir, þá er Kór 7,7% yfir áætlun (9 m.kr.) og Aðalþing 19% yfir áætlun (24 m.kr.). Aðal ástæðan fyrir frávik Aðalþings liggur í uppgjöri áfallinna lífeyrisskuldbindinga við Brú, lífeyrissjóð, en eingreiðsla til Brúar var 12,6 milljónir auk 4,5% mótframlags til viðbótar við það sem áætlað var, vegna ákveðinna starfsmanna félagsins. Almenn virðist sem launakostnaður sé sá liður sem helst er að fara framúr áætlun. Hluti skýringa liggur í að laun leikskólakennara tengjast samningum grunnskólakennara, þannig að þegar samið var við grunnskólakennara í vor virkjaðist ákvæði í kjarasamningi leikskólakennara sem þýddi að laun þeirra hækkuðu. Áætlað var fyrir þessum launahækkunum, en ekki á leikskóladeildina. Við lok vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2018 var sett aukaframlag vegna mönnunar og eflingar leikskólans. Þetta framlag var sett á leikskóladeildina, þar sem ekki var vitað á þeirri stundu hvernig þetta framlag myndi deilast út á skólana. Á meðan það hefur ekki verið gert er varlegt að draga of sterkar ályktanir af stöðu einstakra leikskóla.

Þegar rætt er við forráðamenn leikskóla um hallarekstur er viðkvæðið yfirleitt svipað. Veikindi, bæði langtíma og skammtíma, afleysingar vegna orlofs, en starfsmenn eiga almennt rétt á 5-6 vikna sumarfrí en leikskólinn lokar í 4 vikur. Einnig bent á mönnunarvanda, en þegar þeir fá frambærilegt fólk til afleysinga skarast gjarnan vinnutími þess sem er að koma og þess sem er að fara í leyfi.

### Grunnskólar

Sé rekstur grunnskóla skoðaður beint, þá var hann 147 m.kr. umfram hlutfallaða áætlun. Þegar verið var að vinna fjárhagsáætlun ársins var vitað að kjarasamningar kennara yrðu lausir og óvíst hvað nýjir samningar gætu kostað. Í áætlunina var sett inn fjárhæð til að mæta þessum óvissu útgjöldum. Þessi færsla var færð sem biðgreiðsla á annan lið því ekki var ljóst hvernig hún myndi falla til einstakra skóla. Ef tekið er tillit til þessarar fjárhæðar við samanburð þá má ætla að frávikið frá áætlun sé óverulegt.

Tveir skólar fara meira en 5% fram úr áætlun en það eru Kópavogsskóli og Salaskóli. Sé Kópavogsskóli skoðaður, þá eru tekjur aðeins undir áætlun, kennaralaunin eru umfram eins og að framan greinir, vörukaupin eru í jafnvægi en þjónustukaup vel umfram. Einkum virðist námskeiðs- og skólagjöld vanmetin, sem og ræsting og viðhald. Á móti námskeiðsgjöldunum gæti skólinn átt inneign vegna skólasamnings, á móti. Í Salaskóla er það fyrst og fremst launakostnaður sem keyrir framúr. Eftirfarandi er skýring frá Salaskóla snemma á miðju misserinu: „Í skólanum eru nemendur sem þurfa mjög mikinn stuðning. Annars vegar eru þar 2 nemendur gert var ráð fyrir í sérúthlutun og miðað við 7 tíma á viku, en þeir eru með yfir 40 tíma á viku í stuðning. Þá er 1 nemandi sem var í sérdeild í öðrum skóla en kom hingað í október. Engin úthlutun er til skólans vegna þess. Þá er einhverfur nemandi sem þarf mikinn stuðning sem kom hingað í byrjun árs og engin úthlutun er vegna hans. Þess má geta að nemandi sem þarf fullan stuðning, þarf hann bæði í kennslustundum og kennsluhléum. Það slagar hátt í tvö stöðugildi“.

Að lokum má taka fram, að almennt er rekstrarkostaður skóla þyngri á fyrri helmingi árs en á þeim síðari, að óbreyttum nemendafjölda.

### Tónlistarskólar

Í febrúar 2018 greiddi bærinn 10,8 m.kr. til Brúar, lífeyrissjóðs fyrir Tónlistarskóla Kópavogs sem uppgjör á áföllnum lífeyrisskuldbindingum. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þeirri greiðslu við vinnslu fjárhagsáætlunar. Hefði þessi greiðsla ekki komið til væru framlög til tónlistarskólanna í jafnvægi, en hallinn þann 30/6 var 10,9 m.kr.

#### 2.1.3 Menningarmál

Þegar búið er að taka tillit til ógreiddra áfallinna gjalda og „lota“ tekjurnar eru menningarmálin nánast á pari við áætlun.

#### 2.1.4 Íþróttá- og tómstundasvið

Þegar búið er að gera leiðréttingar sem snerta lotun á beinum útgjöldum er sviðið um 62 m.kr. undir áætlun. Það sem er ófært hér eru innri gjaldaliðir sem mynda tekjur annarsstaðar í samstæðunni og því hlutlausir í þessu uppgjöri. Sundlaugarnar eru yfir áætlun, en bent hefur

verið á að tekjur þeirra falla helst til á haustin. Innri liðirnir ættu svo að rétta sig af þegar kemur að lokum ársins.

### **Félagsmiðstöðvar**

Þann 30. júní voru félagsmiðstöðvar um 3,7 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun. Flestar þeirra voru vel undir áætlun en ein var vel yfir og er skýringin rakin til langtímaveikinda starfsmanns.

### **Annað félagsstarf**

Molinn er nánast á pari við áætlun og félagsstarf eldri borgara undir áætlun. Hrafninn hins vegar fer um 6 m.kr. framúr áætlun eða um 48%. Frávikið liggur í launakostnaði.

### **Sundlaugar**

Sundlaugarnar eru yfir áætlun, en bent hefur verið á að tekjur þeirra falla helst til á haustin, munar hér um 7,2 m.kr. samtals. Launin í Sundlaug Kópavogs eru um 10 m.kr. yfir áætlun en annað undir áætlun. Í Salalaug hefur launakostnaður farið um 3,5 m.kr. fram úr áætlun, sett var upp myndavélakerfi og farið í allskonar smáviðhald sem hefur hleypt kostnaði upp.

### **Íþróttamannvirki**

Rekstur litlu íþróttahúsanna er í lagi sem heild, en svo víkja Digranes og Kársnes aðeins frá áætlun vegna launakostnaðar. Fífan fer framúr áætlun, annarsvegar eru það orkureikningar og svo ókomnar tekjur á húsið, sem mynda hallann. Kórinn er líka kominn framúr og er það fyrst og fremst orkureikningar sem munar um. Umhverfissvið hefur fengið ábendingar varðandi orkuna.

#### **2.1.5 Umhverfissvið**

Nettó útgjöld umhverfissviðs (skipulags- og byggingarmála) eru 30 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun eftir lotun tekna. Tekjur sviðsins á fyrri helmingi ársins eru hærri en reiknað var með (6 m.kr.) og munar þar mest um byggingarleyfisgjöld og grenndarkynningar.

Starfsmannakostnaður er verulega undir áætlun sem og vörukaup, en þjónustukaupin eru nánast á pari við áætlun.

#### **2.1.6 Sameiginlegur kostnaður**

Þessi málaflokkur er 52 m.kr. undir áætlun eftir gjaldfærslu ógjaldfallins kostnaðar sem tilheyrir tímabilinu. Kostnaður við bæjarstjórn og –ráð er umfram áætlun vegna verkefna sem falla þyngra til á fyrri helmingi ársins og eins virðist framlagið til LSK vanmetið þó vel hafi verið bætt í við síðustu áætlanagerð.

## **2.2 Eignasjóður**

Bókaðar tekjur eignasjóðs þann 30.06.18 eru annars vegar eignatengdar tekjur 2.003 m.kr. og hins vegar söluhagnaður vegna úthlutana á lóðum og sölu fasteignar. Áfallinn rekstrarkostnaður og fasteignagjöld eignasjóðs voru 655 m.kr., afskriftir 599 m.kr. og bókaður fjármagnskostnaður 876 m.kr.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2018 var ákveðið að leggja fram aukið framlag til sjóðsins til viðhaldsverkefna. Fylgdi framlaginu það verkefni, að sjóðurinn léti vinna viðhaldsáætlun svo hægt væri að setja í gang markvissa viðhaldsvinnu svo komast mætti hjá skemmdum vegna ónógs viðhalds í framtíðinni. Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2019 og áfram þarf að skoða stöðuna á þessari vinnu og bregðast við með viðeigandi hætti svo hún skili tilætluðum árangri.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er í uppgjörinu jákvæð um 203 m.kr. þegar söluhagnaður er talinn með.

Stærstu liðir í framkvæmdum eignasjóðs á fyrri hluta ársins eru Kársnesskóli (154 m.kr.), Íþróttahús Vatnsendaskóla (319 m.kr.), Digranesvegur 1 og bæjarskrifstofa (112 m.kr.) og Þjónustumiðstöð (132 m.kr.).

### 2.3 Þjónustumiðstöð

Bókaðar tekjur þjónustumiðstöðvar í uppgjörinu eru 141 m.kr. og starfsmannakostnaður 143 m.kr. Mikill hluti af rekstrartekjum og rekstrarútgjöldum þjónustumiðstöðvar fellur til á sumrin og er millifærður frá öðrum stofnunum. Annar rekstrarkostnaður er 60 m.kr., afskriftir 14 m.kr. og fjármagnskostnaður 12 m.kr.

Tapið þann 30/6 var 88 m.kr. en samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir 77 m.kr. tapi á sama tíma.

### 3. B-hluti

#### 3.1 Kópavogshöfn

Umsvif hafnarinnar eru afar lítil, en heildartekjur í þessu uppgjöri eru 36,6 m.kr. eftir að framlög frá aðalsjóði hafa verið millifærð (lóðaleiga og styrkur). Starfsmannakostnaður er 5,8 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 5,4 m.kr. og afskriftir 6,7 m.kr. Fjármagnskostnaður hafnarinnar er hins vegar 13,3 m.kr. Rekstraafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam um 5,3 m.kr. á móti áætluðum 3,1 m.kr..

#### 3.2 Húsnæðisnefnd

Tekjur þessa reksturs voru 287 m.kr. eða um 16 m.kr. umfram hlutfall áætlunar. Enginn launakostaður liggur nú á rekstrinum en vöru- og þjónustukaup og skattar eru um 159 m.kr. Fjármagnsliðir eru um 179 m.kr. Rekstrarniðurstaðan í þessu uppgjöri er 79 m.kr. tap á móti áætluðu 83 m.kr. tapi.

Gott er að hafa í huga, að samkvæmt lögum eru verðtryggðar skuldir rekstraraðila færðar upp til núvirðis m.v. vísitölu, en fasteignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði, þ.e. virðisauki eigna er ekki tekjufærður eða uppfærður á móti gjaldfærslu verðbóta. Þannig myndast ákveðið misvægi eigna og skulda í efnahagsreikningum sem þýðir að þar liggur dulin eign sem verður ekki „sýnileg“ fyrir en við sölu eigna. Væntanlega verður eignasafn Húsnæðisnefndar endurmetið um næstu áramót og fært til hækkunar á eigin fé.

#### 3.3 Fráveita

Rekstrarafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam 165 m.kr. Tekjur voru 437 m.kr. vöru- og þjónustukaup um 223 m.kr. og fjármagnsliðir 28 m.kr. Hjá fráveitu er ekki bókaður launakostnaður, hins vegar greiðir fráveitan fyrir ýmis verkefni sem leyst eru af hendi af umhverfissviði og í þjónustumiðstöð.

#### 3.4 Vatnsveita

Rekstrarafgangur fyrra misseris nam 58 m.kr. Tekjur voru 329 m.kr., starfsmannakostnaður var 23,4 m.kr. og vöru- og þjónustukaup um 181 m.kr. og fjármagnsliðir eru um 20 m.kr. Eins og hjá fráveitu, þá leysa umhverfissvið og þjónustumiðstöð ýmis verkefni fyrir vatnsveitu sem Vatnsveitan greiðir fyrir.

#### 3.5 Tónlistarhús

Rekstrarhalli fyrstu 6 mánuði ársins var 38 m.kr. en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir 28 m.kr. halla. Tekjur voru 6,6 m.kr., starfsmannakostnaður var 16,3 m.kr. og annar rekstrarkostnaður um 16 m.kr.